



„Impress II“, eftir Stanislav Libenský.



„Healing Spring“, eftir Jaroslav Matouš.



Jaromír Rybák: „Tea-fish“.

Sýning verður opnuð í dag í Listasafni Reykjavíkur – Kjarvalsstöðum sem ber yfirskriftina Leiðin að miðju jarðar. Um er að ræða sýningu hóps tékkneskra glerlistamanna sem vakið hafa mikla athygli í Evrópu á síðustu árum.

Efnistöð glerlistamanna sem eiga verk á sýningunni eru ólík og endurspeglar sérstöðu hvers og eins þeirra. Þannig gefur að líta fjölbreyttan þverskurð af þeim ólíku formgerðum og litadýrð sem glerið hefur upp á að bjóða, ýmist eitt og sér eða með öðrum efnum. Sýndur eru sjö talsins. Fyrst ber að nefna þau Stanislav Libenský og Jaroslava Brychtová, sem eru heimsþekkt eftir áratuga starf á sviði glerlistar, en auk þeirra sýna meðlimir Rúbíkon-hópsins, þeir Bohumil Eliáš, Jaroslav Matouš, Jan Exnar og Jaromír Rybák. Sýningarstjóri verkefnisins er Ivo K-en, grafískur hönnuður og hugmyndafraeðingur Rúbíkon-hópsins. Sjálfur sýnir hann málverk á sýningunni, en málverk sem vísa til forma glerlistaverkanna prýða sali Kjarvalsstaða ásamt gler-skúlptúrunum.

„Orðið Rúbíkon vísar til þess að fara yfir mörk, og finnst okkur það hæfa vel því sem listamennirnir eru að fást við. Annars vegar vísar það til efnisins sjálfs, sem er vandmeðfarið og felur í sér ákveðna óvissu, en hins vegar vísar það til þess að kanna hið óþekkt, og þora að stíga yfir mörk án þess að vita hvort

INNRA OG YTRA FERÐALAG

þar bíða hættur eða hamingja,“ segir Ivo.

Hann segir glerlistasýninguna að mörgu leyti einstaka, þar sem hún sé unnin sérstaklega fyrir sýninguna á Kjarvalsstöðum. „Það er rúmlega eitt og hálf ár síðan Eiríkur Þorláksson kom að máli við mig um að efna til þessarar sýningar, og höfum við því haft talsverðan tíma til undirbúnings. Ég mótaði þegar í upphafi ákveðna grunnhugmynd, sem listamennirnir unnu verkin út frá,“ bætir hann við.

Í leit að kjarnanum

Þegar Ivo er spurður nánar um grunnhugmynd sýningarinnar segir hann hugmyndina kjarnast í titli sýningarinnar: „Leiðin að miðju jarðar.“ „Sýningin er byggð upp eins og ferðalag, sem hver sýningarhluti er áfangi í. Þetta ferðalag í gegnum umhverfi sýningarinnar, milli glerlistaverkanna, er í senn ytra og innra ferðalag, sem vísar til tilveru okkar sem byggist á gagnvirkum samspieli þess sem við sjáum og

skynjum í kringum okkur og þess sem hrærist innra með okkur.“

Ivo bendir á að sýningunni sé skipt í sex hluta, í þeim fyrsta, á gangi Kjarvalsstaða framan frá austursal, er að finna stórvirka skúlptúra þeirra Stanislavs Libenský og Jaroslövu Brychtová, og heitir sá hluti Þögulir verðir tímans. Þar er vísað til þeirra marka sem við þurfum að fara handan við til að uppgötva eitthvað nýtt. „Á þessum mörkum metnaðar og möguleika bíða varðmenn öryggis og aðvörunar. Þeir eru í senn englar og varðmenn og kostar það kjark að halda fram hjá þeim,“ segir Ivo. Í öðrum hluta, Könnun rýmisins, reynir listamaðurinn að skilja hið óskiljanlega og einkennast verkin af könnun tærra forma í hinu heillandi efni glersins. Land margra fundinna heima er sýningarhluti Jaroslav Matouš og segir Ivo að þar sé rýnt í hið ævintýralega og framandi sem er beint fyrir framan augun á okkur, en við sjáum ekki,

nema við virkilega horfum í kringum okkur.

Í fjórða sýningarhlutanum, sem ber yfirskriftina Skepnur úr dýragarðinum, kannar Jaromír Rybák undirheima sálardjúpanna. „Þegar haldið er nógu djúpt inn í hafdjúp manlegs hjarta finnum við þar ýmsar kynja-verur. Þar geta búið viðkvæmar verur, rándýr, undraverur og vopnaðar verur,“ segir Ivo. Í sínum verkum, sem skipa sýningarhlutann Tímalausa merkið, veltir Bohumil Eliáš fyrir sér endimörkum eða endimarkaleysi eilífðarinnar. „Manneskjan hefur lifað sömu vonir og þrár, og sams konar hversdaglegar raunir og hamingjustundir í gegnum aldirnar. Það eina, sem stendur eftir í þessari eilífu hringrás tímans, eru minnismerki sem við reisum. Verk Bohumil Eliáš vísa til þessara bautasteina í eilífðinni en spyrja um leið hvort okkar merki verði skráð í þessari framrás. Hann veit þó að við þeirri spurningu er ekkert svar,“ segir Ivo. Sjálfur sýnir hann myndir í lokahluta sýningarinnar, og lýkur þar ferðalagi áhorfandans. „Við lok ferðalagsins komum við aftur til barnsins, leitum aftur, enda stefnum við sífellt aftur á bak í hugsunum okkar. Án minninganna um leiki, ástir, þjáningar og gleði erum við ekki til. Við lok ferðalagsins er fólk því minnt á þessi augnablik lífsins, en kannski liggur leiðin að miðju jarðar einmitt þangað,“ segir Ivo að lokum og bætir því við að hann voni að gestir sýningarinnar muni njóta ferðalagsins um hana.



Morgunblaðið/Kristinn Ingvárrsson

Listamennirnir sem standa að sýningunni „Air condition“ í Hafnarborg.

STEFNUMÓT Í HAFNARBORG

SÝNING á verkum fjögurra listamanna undir heitinu Air condition verður opnuð í dag kl. 15 í Hafnarborg. Listamennirnir eru Catherine Tiraby og Vincent Chhim frá Frakklandi og Gústav Geir Bollason og Jóhann Ludwig Torfason, en þau tengjast innbyrðis í gegnum listnám og eiga hér stefnumót. Á sýningunni eru málverk, tölvumyndir, teikningar og vídeóinnsetning en listamennirnir eiga það sammerkt að leitast við að víkka út hugtakið málverk.

Catherine vinnur málverk og vídeóverk út frá hugmyndum um landslag. Vincent hefur portrett að viðfangsefni, Gústav leiðir áhorfandann inn í óvænt sjónarhorn og hreyfingu í málverkum með tilliti til annarra miðla og Jóhann sýnir ný leikföng sem tengjast listasöggunni og meintum áhrifamætti myndlistarinnar.

Þá opnar Hlíf Ásgrímsdóttir sýningu á verkum sínum í Kaffistöfu Hafnarborgar. Hún hefur unnið hvert verk með ákveðið rými í huga með samanburði á ljósmynd og vatnslitamynd sem einu verki. Öll verkin eru unnin á þessu ári.

Hlíf útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1991 og stundaði framhaldsnám í Listaakademíunni í Helsinki 1994–1996. Hún hefur tekið þátt í sýningum hér heima og erlendis. Sýningarnar standa til 3. desember og opið alla daga nema þriðjudaga kl. 11–17.

Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson leika sálma jólanna

„SPENNANDI AÐ ÞRÓA TÓNLIST OG TÚLKUN“

SÁLMAR jólanna eru komnir út á samnefndum geisladiski, í flutningi þeirra Sigurðar Flosasonar saxófónleikara og Gunnars Gunnarssonar organista. Þeir efna af því tilefni til útgáfutónleika í Hallgrímskirkju í dag kl. 17 þar sem þeir leika sálma jólanna. Þeir verða líka í Akureyrarkirkju 25. nóvember og víðar um landið þegar nær dregur jólum.

Í fyrra gáfu þeir félagar út Sálma lífsins og er nýi diskurinn framhald þar á. En hvað gengur þeim Sigurði og Gunnari til, með því að taka upp á því að leika sálmalög? „Þetta er framhald á Sálmu lífsins, en við erum fyrst og fremst að þróa samvinnu okkar og músiktúlkun og sálmarnir eru okkar leið til þess,“ segir Sigurður. „Þetta snýst að verulegu leyti um útsetningu okkar á þessum lögum, sem eru í sumum tilfellum dálítið róttækar – þetta snýst um þróun annars vegar á útsetningavinnunni og hins vegar á spunnum, sem er miðlægur í því sem við erum að gera.“

Margar leiðir að jólalögum

Það þarf ekki að vera flókið að útsetja lag, þegar farið er eftir ákveðnum reglum hljómfraeðinnar. Spuni hlýtur að lúta öðrum lögmálum, þar er ekki um eiginlega útsetningu að ræða, heldur móttast verkið af því sem „spinnst“ í leik hljóðfæraleikaranna. En hvernig er lagt af stað til að nálgast lag í spuna? Gunnar segir að það geti verið mjög mismunandi eftir lögum. „Þetta er ekki þannig að við tökum sálma og djössum þá upp. Spuninn er miðlægur og með honum erum við að þróa þessa sálma lengra en við höfðum sjálfir heyrt.“ Sigurður tekur undir að mismunurinn á því hvernig lagt sé upp með sálmalag í spuna geti verið mjög margvíslegur. „Í sumum tilfellum er textinn uppspretta túlkunarinnar, í öðrum tilfellum er það eitthvað í

laginu, sem leiðir okkur, stundum er þetta tilraunavinna þar sem við sitjum með hljóðfærin og prófum okkur áfram; – við erum bæði að nota ólíkar spunaáferðir og útsetningaraðferðir, stundum erum við að endurhljómsætja sálmanna og kannski förum við í gegnum nokkrar kynslóðir útsetninga áður en við erum ánægðir og búnir að finna rétta farveginn fyrir lagið. Spuninn getur líka verið ólíkur, allt frá hefðbundnum djassspuna til þess að vera framsækinn og frjáls spuni, þar sem hvorki hljómar, form eða rytmi eru ákveðin fyrirfram.“

Þótt þeir Sigurður og Gunnar flytji Sálma jólanna á mjög nýstárlegan hátt, er engu að síður að finna í þeim sterkan tón hefðarinnar. Diskurinn hefst á klukkna-hljómi elstu kirkjuklukku landsins, sem jafnframt prýðir kápu disksins – klukkunnar frá Hálsi í Fnjóskadal, og hún setur sannarlega þjóðlega stemmningu. Þarna eru öll gömlu góðu jólalög, íslensk og útlend sem hafa fylgt okkur um aldir, þau elstu allt frá miðöldum. Hátíð fer að höndum ein, Það aldin út er sprungið, Sjá himins opnast hlið og Heims um ból eru þarna, en yngsta lagið er Maríukvæði Atla Heimis Sveinssonar. Áramótabragurinn Nú árið er liðið í aldanna skaut er loklag plötunnar, en þar má heyra orgelið leika lagið undir flugeldasýningu sem búin er til með sleðalautu frá MacDonalds.

Gaman að máta saman raddir

Orgelið er í hugum margra hljóðfæri jólanna. Frá því hljóma jólasálmarnir í kirkjum landsins, og oftast er þá allt í sínum föstu skorðum – lögin hljóma eins frá einum jólum til annarra. En hvernig er það fyrir organistann að fara svona út fyrir það sem hann er svo gjörkunnugur og vanur að gera. „Þegar maður leikur þessa



Morgunblaðið/Ásdís

Sigurður Flosason og Gunnar Gunnarsson leika sálma jólanna.

sálma við venjulegt helgiöld í desember við safnaðarsöng, þá er þetta mjög hefðbundið. Það er hins vegar mjög hollt fyrir organista að skoða og útvíkka möguleika orgelsins á þennan hátt, því það hefur svo óendanlega breitt litróf, en í þessu fær maður tækifæri til að nota raddir og blæbrigði sem manni dytti aldrei í hug að nota við venjulegar aðstæður. Fyrir organistann er þetta því mjög spennandi að hafa möguleika á að þróa tónlistina svona áfram. Orgelið í Hallgrímskirkju er gullnáma hvað raddaval varðar; – ekkert orgel hér á landi er svona stórt og með svona mikinn fjölda radda,“ segir Gunnar. Sigurður bætir því við að það sé ekki síst spennandi í þessu að máta saman raddir hinna ólíku saxófóna við fjölbreyttar raddir orgelsins til að búa til nýja liti tóna og hljóma. Þeir félagar hafa nýlokið gerð sjónvarpsþáttar með sálmu jólanna sem verður í jóladagskrá Sjónvarpsins, en þar fengu þeir til liðs við sig Láru Stefánsdóttur dansara og danshöfund sem samdi dansa sem félagar úr Íslenska dansflokknum dansa við sálmana.